



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
til heiðurs
forseta Slóveníu
Danilo Türk og frú Barbara Miklič Türk
Bessastöðum
3. maí 2011**

Virðulegi forseti
Danilo Türk og frú Barbara Miklič Türk
Virðulegu ráðherrar
Forseti Alþingis
Forseti Hæstaréttar
Góðir gestir

Það er sérstakt gleðiefni að fagna hér í kvöld forseta Slóveníu, Danilo Türk og frú Barbara Miklič Türk, sem heimsækja Ísland ásamt fríðu föruneyti. Koma þeirra markar tímamót í samskiptum landa okkar því þetta er í fyrsta sinn sem forseti Slóveníu er í opinberri heimsókn á Íslandi.

Fyrir um tveimur áratugum fylgdust Íslendingar náíð með frelsishreyfingu í landi yðar og tóku stoltir þá ákvörðun að vera fyrstir þjóða til að viðurkenna fullveldi og sjálfstæði Slóveníu.

Ætíð síðan hefur árangur þjóðar yðar vakið í senn athygli og aðdáun; lýðræðisleg stjórnskipun var fest í sessi, grundvöllur lagður að nýju og framsæknu hagkerfi og fullri aðild að samtökum Evrópu og Vesturlanda.

Slóvenía hefur á margan hátt orðið fyrirmynd, sannað hvernig hægt er á undraskömmum tíma að umbreyta á farsælan hátt samfélagi sem lengi bjó við þröng skilyrði og margvíslega fjötra.

Slóvenía hefur og tekið ríkan þátt í að móta hina nýju Evrópu, sýnt hvernig smærri og meðalstór ríki geta látið að sér kveða, leyst vandamál sem á stundum reynast hinum stærri ofviða.

Formennskan í Evrópusambandinu fyrir þremur árum var vitnisburður um örugg tæk og hugmyndaríka forystu, sýnishorn nýrra tíma í álfu sem í áratugi var klofin í andstæðar fylkingar, um aldir vettvangur stríða og nístandi hörmunga.

Stjórnskipan lýðræðis og mannréttinda er mikilvægasta framlag Evrópu til veraldarinnar, arfleifð sem mótuð er af glímu fjöldans við harðstjórn, studd kenningum sem stjórnspekingar fyrri tíðar og baráttuhreyfingar nýliðinnar aldar hafa fagað og fært í búning laga og réttar.

Á þessu sviði hafið þér, herra forseti, verið í senn umsvifamikill og áhrifaríkur, bæði í ábyrgðarstöðum á alþjóðavettvangi áður en þér tókuð við embætti forseta og með rannsóknum, kennslu og lærðum skrifum. Það sýnir náin tengsl yðar við Ísland að gamall og góður vinur okkar beggja, dr. Guðmundur Alfreðsson, sem lengi hefur verið fremstur Íslendinga á þessum vettvangi, í forystu mannréttindastarfs á vegum Sameinuðu þjóðanna og stjórnandi Raul Wallenberg stofnunarinnar, minnti mig fyrir fáeinum dögum á hvernig þið tveir hefðu verið baráttufélagar á þessum vettvangi, haldið í leiðangra og skrifað saman í fræðirit.

Bæði Slóvenía og Ísland hafa sýnt hvernig framlag smærri ríkja getur skipt máli í baráttu fyrir mannréttindum og lögmætum sessi minnihluta og heimsókn yðar nú skapar fjölmörg tækifæri til að efla tengsl landanna á fleiri sviðum, leggja drög að nýjum verkefnum í þágu þjóða okkar.

Slóvenía býr ríkulega að jarðhita og á Íslandi eru mörg dæmi þess hvernig sú auðlind getur nýst í þróun umhverfisvænna orkukerfa til hagsbóta fyrir efnahagslíf og lífskjör almennings. Árangurinn sést meðal annars á því að þegar Íslendingar hættu að nota innflutta olíu til húshitunar og fóru í staðinn að nýta jarðhitann í eigin landi þá tókst okkur að spara á hverjum áratug sem nemur verðmæti þjóðarframleiðslunnar á einu ári.

Á morgun munu íslenskir sérfræðingar og vísindamenn kynna yður og sendinefnd yðar margvíslega nýtingu jarðhitans, til raforkuframleiðslu, húshitunar, ylræktunar, landbúnaðar, ferðaþjónustu og heilsuræktar.

Við óskum þess einnig að geta eflt viðskipti okkar á fleiri sviðum, stuðlað að auknum tengslum í listum og menningu, hvatt íbúa landanna til gagnkvæmra heimsókna. Náttúrufegurð Slóveníu og Íslands,

margbreytileiki landslags, fjallasýn og heillandi haf eru eiginleikar sem báðar þjóðirnar kappkosta að kynna öðrum.

Svo hafa landsmenn okkar beggja lifandi og oft háværan áhuga á handbolta og kórar frá Slóveníu sem hingað hafa komið sýndu líka hvernig röddum má beita frábærlega á listrænan hátt.

Forvitnilegar eru og samanburðarrannsóknir íslenskra og slóvenskra fræðimanna á rómantísku ljóðskáldunum France Prešeren og Jónasi Hallgrímssyni en þeir hafa hvor fyrir sig öðlast sess eins konar þjóðardýrlings.

Þannig mætti rekja ýmsa þræði sem tengja þjóðirnar saman og í heimsókn yðar nú hafið þér, virðulegi forseti, einnig miðlað af reynslu Slóvena á vettvangi evrópskra stofnana, munið taka þátt í samræðum við sérfræðinga og áhrifafólk á málstofu í Háskóla Íslands og hafið þegar átt viðræður við fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi, hinni meira en þúsund ára gömlu löggjafarsamkomu okkar Íslendinga þar sem mjög skiptar skoðanir eru um hvort Ísland eigi að gerast aðildarríki Evrópusambandsins.

Heimsókn yðar virðulegu forsetahjón og hinnar öfluggu sendinefndar er áhrifarík yfirlýsing um vilja til aukins samstarfs við Ísland. Við metum mikils slíkan vináttuvott.

Ég bið góða gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs forseta Slóveníu Danilo Türk og frú Barbara Miklič Türk og til heilla vináttu og samstarfi þjóða okkar.